

Samgönguráðuneytið
Samgöngu- og fjarskiptamál
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
postur@srn.is



Reykjavík 3. mars 2021

Umsögn um frumvarp til laga um frumvarp til laga um áhafnir skipa

Í samráðsgátt stjórnvalda birtust 18. febrúar 2021, drög frumvarpi til laga um áhafnir skipa.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný heildarlög um áhafnir íslenskra skipa. Er markmiðið að einfalda löggjöfina um menntun og þjálfun, öryggisfræðslu, skirteini, lögskráningu, lágmarksmönnun, vinnu- og hvíldartíma, læknisvottorð, heilsu- og tryggingavernd, orlof, heimferðir, vinnuskilyrði o.fl.

Meginmarkmiðið með frumvarpinu er að sameina, samræma og einfalda lagaákvæði ofan nefndra laga. Í nokkrum atriðum eru þó lagðar til efnisbreytingar á ákvæðum laganna út frá þeirri reynslu sem skapast hefur eftir gildistöku laganna og breytingum skv. alþjóðasamningum og EES-gerðum sem tekið hafa gildi gagnvart Íslandi síðan fyrrnefnd lög tóku gildi.

Samtökin ferðapjónustunnar – SAF hafa farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Almennt

Samtökin lýsa ánægju með að lögð séu fram drög að lögum sem hafa m.a. það markmið að einfalda, samræma og sameina ákvæði sem mun án efa skila sér inn í rekstrarumhverfi útgerðanna. Stjórnvöld hafa á sl. árum verið að einfalda regluverkið og er það vel. Stjórnvöld eiga að leggja meiri ábyrgð á útgerðirnar sjálfar. Samgöngustofa samþykki öryggisstjórnunarkerfi útgerða og hafi eftirlit með staðbundnum æfingum. Þetta á sérstaklega við um stuttar útsýnis- og skoðunarferðir.

Stuttar útsýnis- og skoðunarferðir verði sérstakur flokkur áhafnalaga

Útgerð farþegaskipa og báta í stuttum útsýnis- skoðunarferðum á sér yfir 30 ára sögu hér á landi. Með stuttum útsýnis- og skoðunarferðum er átt við ferðir farþegaskipa og báta sem ekki vara lengur en 5 klukkustundir. Ferðirnar eru ekki skilgreindar áætlunarferðir og ræður veður og sjólag mestu um brottfarir sem farnar eru við aðstæður sem henta farþegum. Í frumvarpinu eru umræddar ferðir nefndar skoðunar- og veiðiferðir en samtökin leggja til að útsýnis- og skoðunarferðir verðir frekar notað þar sem það skilgreinir flokkinn betur.

Þróun og nýsköpun á þessum vettvangi hefur verið mikil og skapað þjónustuframboð sem veitir viðskiptavinum tækifæri til að velja margskonar fararmáta. Samtök ferðapjónustunnar og útgerðir hafa um alllangt skeið verið í samskiptum við Samgöngustofu og áður Siglingastofnun um rekstrarumhverfi þeirra skipa sem um

ræðir. Í því samhengi hafa samtökin kallað eftir skýrum regluramma utan um stuttar útsýnis- og skoðunarferðir með öryggisstjórnunarkerfi að leiðarljósi sem fjallar um öryggismönnun (áhöfn), öryggisbúnað og aðstæður um borð. Öryggisstjórnunarkerfi á að vera útbúið af útgerð með áhættumat, viðbragðsáætlanir og atvikaferli í huga.

Á þeim rúmu þrjátíu árum sem stuttar útsýnis- og skoðunarferðir hafa verið í boði hér við land hafa þau atvik sem upp hafa komið í umræddum ferðum verið leyst fagmannlega og allar útgerðir verðir til taks ef á aðstoð þarf að halda. Öryggisútbúnaður farþega og íverustaðir hafa verið þróaðir til að bjóða upp á þægilega sjóferð sem hefur það að markmiði að njóta þeirrar náttúru og þess útsýnis sem fyrir augu ber.

Á meðal þeirra mála sem samtökin hafa rætt við stjórnvöld undanfarin ár er krafa um stöðu stýrimanns á skipum í umræddum útsýnis- og skoðunarferðum. Sjónarmið samtakanna hefur verið að stýrimaður er óþarfi í þeim stuttu ferðum sem um ræðir þar sem vaktstaða er langt undir því viðmiði sem fyrirliggjandi lög gera ráð fyrir. Þá hafa samtökin einnig bent á að skipstjóri geti gegnt stöðu vélstjóra að ákveðnum skilyrðum uppfylltum án tillits til farþegafjölda.

Í ljósi þess sem áður hefur komið fram leggja samtökin til að lokamálsliður 16. greinar orðist svo:

Farþegaflutningar í atvinnuskyni, þ.m.t. allt að fimm klst. Útsýnis- og skoðunarferðir ferðamanna, með skipum sem lög þessi gilda um eru háðir leyfi Samgöngustofu skv. skipalögum.

Þá leggja samtökin til að eftirfarandi málslið verði bætt við 16. grein frumvarpsins:

Skipa skal þriggja manna öryggismönnunarnefnd farþegaskipa og báta sem hafa haffæri fyrir allt að fimm klst. útsýnis- og skoðunarferðum með ferðamenn. Nefndin skal skipuð fulltrúa samgönguráðuneytis, fulltrúa Samtaka ferðapjónustunnar og fulltrúa Slysavarnarskóla sjómanna. Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir álitamál sem tengjast mönnun umræddra skipa og báta og rökstyðja tillögur að öryggismönnun með tilliti til farsviðs og með öryggi farþega í fyrirrúmi.

Lögskráningarkerfi

Samtökin fagna því að rammi sé sniðinn utan um lögskráningu skipverja eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Samtökin benda hins vegar á að mikilvægt er að skipverjar í stuttum útsýnis- og skoðunarferðum á skipum og bátum geti verið skráðir á fleiri en eitt skip sama dag þar sem útgerðir eru í mörgum tilfellum með mörg skip í starfsemi og ræður fjöldi bókana hvaða skip eru sett í ferðir innan dagsins. Þá er bent á mikilvægi þess að aðgengi að lögskráningarkerfi og gjald fyrir það sé fyrir hverja útgerð en ekki hvert skip. Samtökin leggja til að eftirfarandi málslið verði bætt við 14. grein frumvarpsins:

Útgerðir sem starfsrækja farþegaskip og báta í útsýnis- og skoðunarferðum er heimilt að lögskrá skipverja á fleiri en eitt skip eða bát innan sama dags.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri